# REKSTRARLEYFI

*Með vísan til III. kafla laga nr. 71/2008 um fiskeldi veitir Matvælastofnun hér með rekstrarleyfi til neðangreinds.*

| | |
|---|---|
| Leyfishafi: | Stolt Sea Farm Holdings Iceland hf. |
| Kennitala: | 610911-0480 |
| Aðsetur: | Vitabraut 7 |
| | 233 Reykjanesbær |
| Rekstrarleyfisnúmer: | FE-1076/IS-36112 |
| Leyfið gildir til: | 18.8.2022 |

| Starfsemi: | Í gildi frá: |
|---|---|
| AE 6 - Senegalflúra / *Solena senegalensis* | 18.8.2012 |
| AE 15 – Gullinrafi / *Seriola dumerili* | 24.06.2021[1] |

Landeldi. Hámarksframleiðsla 2000 t. matfiskeldi. Seneglaflúra: Spánn og Gullinrafi: Spánn.

*Á gildistíma leyfisins skal fara fram vöktun og rannsóknir af hálfu rekstrarleyfishafa til að meta vistfræðileg áhrif á nánasta umhverfi eldisstöðvarinnar.*

*Varúðarráðstafanir til að koma í veg fyrir að fiskur strjúki vegna eldis eða flutnings á fiski skulu vera skráðar og aðgengilegar hjá eldisaðila, og áætlun um aðgerðir til að endurheimta fisk sem strýkur. Leyfishafi skal sjá til þess að viðbragðsáætlun vegna stroka sé staðsett á eldissvæðinu og kynna starfsmönnum hana. Rekstrarleyfishafi sem missir fisk úr fiskeldisstöð, skal án tafar tilkynna slíkan atburð til Fiskistofu, Matvælastofnunar, sveitafélaga og næstu veiðifélaga.*

*Leyfið er bundið við ofanskráða kennitölu, starfsemi og ræktunarsvæði. Leyfishafi skal uppfylla allar þær kröfur sem gerðar eru til starfseminnar í lögum og reglugerðum. Óheimilt er að hefja aðra starfsemi en leyfið nær til, nema að fengnu samþykki Matvælastofnunar.*

*Gildistaka rekstrarleyfis er háð úttekt Matvælastofnunar og að leyfi til mannvirkjagerðar sé til staðar. Gildistaka rekstrarleyfis fiskeldisstöðva á landi er háð því skilyrði að stöð sé útbúin búnaði sem kemur í veg fyrir að fiskur sleppi úr eldiskari og búnaði staðsettum í frárennsli stöðvar sem fangar fisk sem sleppur.*

Prentað: 24.06.2021 #0004297

[1] Heimild rekstrarleyfis er breytt frá upphaflegum texta skv. reglugerð 540/2020. Áður var heimildin bundin við 2000 tonn af senegalflúru og styrju á ári en nú er heimildin miðuð við senegalflúru og gullinrafa. Breyting tegunda hefur ekki í för með sér breytingu á leyfistíma. Upphaflega var rekstrarleyfið gefið út 18 ágúst 2012.

MAST
Matvælastofnun
Icelandic Food and Veterinary Authority

*Leyfi þetta er gefið út skv. reglugerð nr. 1254/2008 (sem innleiðir tilskipun 2006/88/EB) um heilbrigðiskröfur að því er varðar lagareldisdýr og afurðir þeirra og um forvarnir og varnir gegn tilteknum sjúkdómum í lagardýrum og ber rekstrarleyfishafa að uppfylla ákvæði reglugerðarinnar.*

*Rekstrarleyfið er háð skilyrðum laga nr. 71/2008 um fiskeldi og reglugerða og annarra stjórnvaldsreglna, sem kunna að verða settar á grundvelli laganna, sem og þeim breytingum sem kunna að vera gerðar á lögum og reglugerðum.*

Karl Steinar Óskarsson

*Karl Steinar Óskarsson, sérfræðingur fiskeldis*

Prentað: 24.06.2021 #0004297

[1] Heimild rekstrarleyfis er breytt frá upphaflegum texta skv. reglugerð 540/2020. Áður var heimildin bundin við 2000 tonn af senegalflúru og styrju á ári en nú er heimildin miðuð við senegalflúru og gullinrafa. Breyting tegunda hefur ekki í för með sér breytingu á leyfistíma. Upphaflega var rekstrarleyfið gefið út 18. ágúst 2012.